

## Brúarvirkjun í Tungufljóti, Bláskógabyggð

### Ákvörðun um matsáætlun

#### Inngangur

Þann 2. september sendi HS Orka tillögu að matsáætlun um Brúarvirkjun, allt að 9,3 MW virkjun í Biskupstungum, Bláskógabyggð til Skipulagsstofnunar í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og t.l. 3.02 í 1. viðauka við lögin.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum: Bláskógabyggð, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Orkustofnun, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Ráðgjafi framkvæmdaraðila: Mannvit.

#### Gögn lögð fram fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar

**Tillaga að matsáætlun.** HS Orka hf. Brúarvirkjun, allt að 9,3 MW rennslisvirkjun í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Mannvit, september 2015.

##### Umsagnir bárust frá:

- Bláskógabyggð með bréfi frá Skipulagsnefnd Uppsveita dags. 11. september 2015.
- Fiskistofu með bréfi dags. 24. september 2015.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 16. september 2015.
- Orkustofnun með bréfi dags. 21. september 2015.
- Skógrækt ríkisins með tölvupósti dags. 22. september 2015.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. september 2015.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupósti dags. 29. september 2015.

#### Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Mannvits hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á matsáætlun framkvæmdaraðila með þeim viðbótum sem Mannvit hf. setti fram í tölvupósti dags. 29. september 2015 og með eftirfarandi athugasemdum.

- Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir öllum kennistærðum mannvirkja, þ.m.t. stíflu, lóns, afls, aðrennslispípu, stöðvarhúss, frárennsliskurðar, vega, vinnusvæða við stíflu og stöðvarhúss og tenginga við flutningsnet. Möguleg staðsetning allra mannvirkja þarf að koma fram á uppdrætti, þ.m.t. jarðstrengs.
- Á bls. 9 í kafla 3.4 kemur fram að álitlegir virkjunarstaðir hafi verið skoðaðir. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðu valkosta með hliðsjón af umhverfisáhrifum þeirra.
- Skýrt þarf að vera í frummatsskýrslu hversu mikið af af grónu landi muni raskast.

- Í frummatsskýrslu verður að gera grein fyrir efnistöku vegna framkvæmdanna og umhverfisáhrifum hennar. Tilgreina þarf hvaða námur komi til greina, hversu mikið efni þurfi til framkvæmdanna, hvaða jarðmyndanir sé um að ræða og hvernig frágangi verði hagað í verklok.
- Í umsögn Umhverfisstofnunar var hvatt til þess að sá kostur yrði tekin til skoðunar að hafa aðrennslispípu vestan árinna. Með því móti væri unnt að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja með trjágróðri. Í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir þeim kosti eða að gera grein fyrir því hvers vegna hann kemur ekki til greina.
- Með hliðsjón af umsögn Fiskistofu þarf að gera grein fyrir breyttu rennsli í Tungufljóti og áhrifum þess á lífríki árinna þ.m.t. fugla ef þeir byggja með einhverjum hætti afkomu sína á ánni.
- Ekki liggur fyrir hversu mikið rennsli Tungufljóts muni breytast með tilkomu virkjunar. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig rennsli árinna muni breytast eftir árstíma. Jafnframt þarf að gera grein fyrir breyttri ásýnd árinna (með tilliti til breytinga á rennsli) með tilkomu virkjunar.
- Í frummatsskýrslu verður að gera grein fyrir skógarruðningi vegna framkvæmdanna. Bæði bein áhrif sem og áhrif vegna tengdra framkvæmda (vegalagninga, jarðstrengs, efnisnáms). Jafnframt skal gera grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna þeirra.

Skipulagsstofnun telur að þær athuganir/rannsóknir sem ráðist var í og lagðar eru til grundvallar mati á umhverfisáhrifum á hina mismunandi umhverfisþætti þurfi eftir atvikum að fylgja frummatsskýrslu í viðauka.

Reykjavík, 30. september 2015

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Bláskógabyggð, Fiskistofa, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Orkustofnun, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun.